

## Ávarp Bryndí­sar Hlödversdóttur, stjórnarformanns, á ársfundi Landsvirkjunar 21. mars 2013

Forseti Íslands, fjármálaráðherra og aðrir góðir gestir,

Fyrir hönd stjórnar býð ég ykkur hjartanlega velkomin til ársfundar Landsvirkjunar árið 2013. Yfirskrift fundarins að þessu sinni er „Orka til framtíðar“. Vísar hún til mikilvægis þess fyrir Landsvirkjun og eiganda hennar, íslensku þjóðina, að horfa til langrar framtíðar við alla stefnumótun og daglega starfsemi. Enda er Landsvirkjun treyst fyrir dýrmætri auðlind í náttúru Íslands, endurnýjanlegri orku, sem allt bendir til að verði sífellt verðmætari í framtíðinni.

Við sem stýrum Landsvirkjun erum mjög meðvitað um þá ábyrgð sem því fylgir að hafa með höndum vel yfir tvo þriðju hluta allrar raforkuvinnslu í landinu. Landsvirkjun þarf eins og kostur er að starfa í sátt við samfélagið en það er þó afar ólíklegt að fyrirtæki sem ætlað er að nýta orkulindir landsmanna sigli alltaf lygnan sjó.

Fyrirtækið þarf að vera meðvitað um sitt mikilvæga hlutverk og í krafti þeirrar sérþekkingar sem það býr yfir, eru fáir betur til þess fallnir en Landsvirkjun, að leiða þá sátt sem þarf að stuðla að í samfélaginu um orkunýtingu og náttúruvernd. Í krafti þekkingar, stærðar og umfangs starfseminnar hvílir í raun sú skylda á Landsvirkjun að leggja sitt af mörkum.

Virkjanir auðlinda og náttúruvernd eiga að geta farið saman en um nýtingu auðlindanna þarf að nást sem breiðust sátt. Til þess að svo megi verða geta hagsmunaaðilar aukið samskiptin og lagt sig fram um að finna lausnir og komast að niðurstöðu sem hugnast sem flestum. Það er hvorki vilji til að virkja allt né vilji til að virkja ekki neitt. Flestir vilja bæði nýta og njóta með skynsömum hætti og vilja ekki láta draga sig í dilka og flokka í annað hvort virkjunarsinna eða verndarsinna. Það er hægt að vera bæði. Í þessu umhverfi felast auknar kröfur og áskoranir til allra hagsmunaaðila, ekki síst orkufyrirtækjanna eins og Landsvirkjunar og er það vel.

Ég tel reyndar að á síðustu árum hafi orðræðan um auðlindanýtingu og náttúruvernd breyst heilmikið og ég er ekki í vafa um að þar hefur framganga forstjóra Landsvirkjunar og annarra starfsmanna fyrirtækisins haft mikla þýðingu. Sífellt vaxandi áhersla á að upplýsa þjóðina um það sem við erum að gera, hefur orðið til að gera umræðuna faglegri. Það er kannski til marks um þessa þróun að í lok síðasta árs var forstjóra Landsvirkjunar boðið að halda erindi á fundi Náttúruverndarsamtaka Íslands. Það var afskaplega jákvætt skref af hálfu Náttúruverndarsamtakanna og væri óskandi að slík jákvæð skoðanaskipti milli hagsmunaaðila héldu áfram sem geta byggt á gagnkvæmri virðingu og trausti.



Ágætu fundarmenn.

Skýrar og vandaðar leikreglur og lagaumhverfi skipta fyrirtæki eins og Landsvirkjun öllu máli. Vandí löggjafinn ekki til verka við lagabreytingar er hætta á að þær verði fyrirtækinu fjötur um fót og valdi skaða.

Til að tryggja sem vandaðasta stjórnarhætti í fyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði en eru í eigu opinberra aðila er nauðsynlegt að ríkið marki sér stefnu um hlutverk sitt sem eigandi. Þetta er mikilvægt svo ríkið rugli ekki saman ólíkum hlutverkum, annars vegar sem eigandi með tilheyrandi kröfum um markmið og að stefna fyrirtækisins sé uppfyllt og hins vegar sem opinbert stjórnvald með tilheyrandi ákvörðunum, leyfisveitingum og eftirliti með sama aðila. Ég hef áður vakið athygli á þessu og kallað eftir eigendastefnu ríkisins um eignarhald í fyrirtækjum. Aðgreining þessara óskyldu hlutverka er mikilvæg til að skapa tiltrú um starfsemina og tryggja að fyrirtæki á samkeppnismarkaði njóti jafnræðis óháð eignarhaldi.

Einn af mikilvægum grunnþáttum í stefnu Landsvirkjunar er að skapa stuðning og samstöðu með opnum samskiptum við hagsmunaaðila. Í þeim efnum er stefnt að því að hafa gagnsæi að leiðarljósi og birta opinberlega upplýsingar eins og hægt er en þó þannig að það skaði ekki hagsmuni fyrirtækisins og eiganda þess. Sem dæmi má nefna ákvað fyrirtækið fyrir nokkru að birta mikilvægar upplýsingar sem ekki voru aðgengilegar áður eins og meðalverð á raforku til stóriðju og heilidsölu og meðalkostnaðarverð á nýjum virkjunarkostum.

Ástæða þess að þetta er nefnt er sú að ný upplýsingalög hafa nú tekið gildi. Munu nýju upplýsingalögin ekki aðeins ná yfir stjórnsýsluna í landinu heldur frá miðju næsta ári ná til allrar starfsemi sem fram fer á vegum lögaðila sem er að helmingi eða meira í eigu hins opinbera. Eiga lögin því að ná yfir Landsvirkjun, en fyrirtækið er rekið á einkaréttarlegum grunni á samkeppnismarkaði.

Er slíkt eðlilegt? Þær ákvarðanir sem hið opinbera tekur sem eigandi fyrirtækis á samkeppnismarkaði eru annars eðlis en ákvarðanir sem það tekur í sambandi við stjórnsýslu eða löggjöf. Það getur því varla talist eðlilegt fyrir starfsemi fyrirtækja eins og Landsvirkjunar að þau eigi að lúta sömu reglum við veitingu upplýsinga og stjórnsýslan, sem tekur stjórnvaldsákvaðarnir og getur lagt íþyngjandi kvaðir og skyldur á borgarana.

Lagasetning, sem miðar að því að setja fyrirtækjum í eigu opinberra aðila á samkeppnismarkaði aðrar reglur en gilda um önnur fyrirtæki á sama markaði, er ekki rökrétt. Markaðurinn sem Landsvirkjun starfar á er ekki aðeins á Íslandi, í samkeppni við önnur íslensk orkufyrirtæki, heldur er hann ekki síður alþjóðlegur, þar sem keppst er við að laða til Íslands viðskiptavinum sem eiga val um að starfa í öðrum löndum.

Mikilvægt er að sama lagaumgjörð og skilyrði gildi um öll framleiðslufyrirtæki á markaði, án tillits til eignarhalds, og að ekki verði lagðar kvaðir á fyrirtæki í opinberri eigu sem skerða samkeppnishæfni þeirra.



Annað sambærilegt mál, sem skekkir samkeppnisstöðu og eykur aðstöðumun Landsvirkjunar við önnur fyrirtæki á markaði, og ég hef áður vakið athygli á á þessum vettvangi, er þegar Alþingi ákvað að færa ákvörðun um laun forstjóra Landsvirkjunar undir kjararáð með lögum nr. 87 frá 2009. Með þessari undarlegu ákvörðun var ein mikilvægasta ákvörðun stjórnar fyrirtækisins, að ákvarða launakjör forstjóra, tekin úr höndum stjórnarinnar og sett í opinbera nefnd sem tekur ákvarðanir um laun embættismanna í stjórnarsýslunni. Ákvörðunarvaldið um kjör stjórnenda er eðlilegast að hafa hjá stjórn og á ábyrgð hennar, enda eru stjórnarmenn ábyrgir að lögum fyrir rekstri fyrirtækisins. Ég trúi ekki öðru en næsta Alþingi taki þessi lög til endurskoðunar.

Ágætu fundargestir.

Ábyrgð okkar sem leiðum Landsvirkjun er ekki aðeins mikil í tengslum við umræðuna, stjórnarhætti og upplýsingagiöf. Samkvæmt stefnu fyrirtækisins er það hlutverk Landsvirkjunar að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Í reynd má segja að þetta hlutverk megi yfirfæra yfir á núlifandi kynslóðir Íslendinga. Það er mikilvægt að við öxlum þá ábyrgð að hámarka afrakstur orkulindanna, ekki aðeins fyrir okkur sjálf sem nú lifum, heldur ekki síður í þágu komandi kynslóða, fyrir framtíðina.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar gengur út á að hagsmunir komandi kynslóða séu hafðir að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku.

Staðreyndin er sú að nú um stundir eiga miklar hræringar sér stað á orkumörkuðum heimsins, sem stafa af aukinni ásókn í orkugjafa með vaxandi mannfjölda og velmegun í heiminum. Flestar þjóðir heims eru háðar notkun jarðefnaeldsneytis við orkuöflun og í þessu árferði hefur eftirspurn eftir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum aukist verulega í heiminum.

Íslendingar vinna nú þegar langmesta raforku í Evrópu ef miðað er við íbúafjölda og hún er öll unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Íslendingar geta þannig staðið frammi fyrir einstöku tækifæri í þessum efnunum ef vel er haldið á málum.

Loftslagsbreytingar hafa líka áhrif á orkubúskapinn og við þurfum að átta okkur á þýðingu þeirra áhrifa. Aukið rennsli úr vatnsföllum við hlýnun jarðar veldur því að í framtíðinni mun æ meiri orka renna ónýtt til sjávar á degi hverjum. Einnig er nú þegar heilmikil ónotuð orka til, sem ekki er hægt að nýta til fulls í lokuðu raforkukerfi og fer því forgörðum. Forstjóri Landsvirkjunar mun hér á eftir gera nánar grein fyrir nýlegum greiningum sem hafa átt sér stað innan fyrirtækisins um þessi mál.

Það yrði raunhæfur möguleiki að nýta þessi ónýttu tækifæri þann dag sem Ísland myndi tengjast stærri orkumörkuðum með sæstreng. Nú er hvorki staður né stund til að taka slíka ákvörðun og ljóst er að hún verður ekki tekin af Landsvirkjun einni. Hana þarf að taka að undangenginni ítarlegri skoðun á því hvaða afleiðingar slík tenging myndi hafa í för með sér fyrir land og þjóð með heildarhagsmunum að leiðarljósi.



Vakin hefur verið athygli á því að með sæstrengstengingu muni raforkuverð ef til vill hækka til heimila hér á landi. Það er vissulega eitt sem þarf að skoða.

Þegar ég var að alast upp, á sjöunda áratug síðustu aldar, var íslenskur fiskur ódýr matur og soðningin þess vegna algengur kostur á barnmörgu heimili eins og æskuheimili mínu. Með vaxandi eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur verið á þeim hækkað jafnframt hér heima og fylgir jafnvel heimsmarkaðsverði.

Engum dettur þó í hug að skynsamlegt sé að hverfa aftur til þess tíma sem gæðafiskurinn okkar kostaði lítið, jafnvel þótt það hafi komið sér vel fyrir heimilin í landinu að fiskverð væri lágt. Þvert á móti viljum við sjá sem mest verðmæti fást fyrir þá auðlind og hið sama á að gilda um orkuna okkar. Við höfum í meira en eina öld alltaf reynt að fá sem hæst verð fyrir okkar sjávarfang og það hefur skilað okkur góðum lífskjörum. Nú þegar tæknin er til reiðu til að gera hið sama fyrir raforkuna ber okkur að sjálfsögðu að skoða þetta tækifæri til þess að bæta lífskjörin verulega í landinu.

Okkar hlutverk er að gæta vel þeirra verðmæta sem búa í auðlindunum og auka arðsemi af nýtingu þeirra, eins og kostur er. Það þýðir ekki að það eigi að virkja sem mest, en það þýðir að sem mest verðmætasköpun náist úr því sem virkjað er. Að við gætum vel gullsins sem felst í náttúruauðlindunum okkar, ekki aðeins okkur sjálfum til hagsbóta heldur líka framtíðarkynslóðum.

Ágætu gestir.

Ég vona að þið munið njóta fundarins og býð ykkur aftur hjartanlega velkomin.